



RÍKISSÁTTASEMJARI

Fréttatilkynning frá ríkissáttasemjara
Reykjavík 21. júní 2020 kl. 23.30

Ríkissáttasemjari leggur fram miðlunartillögu í deilu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármála- og efnahagsráðherra

Kjarasamningur aðila rann út þann 31. mars 2019 og var málinu vísað til ríkissáttasemjara þann 21. febrúar sl. Haldnir hafa verið ??? árangurslausir fundir í málinu og telur ríkissáttasemjari að frekari sáttaumleitanir beri ekki árangur. Verfall hefur verið boðað og hefst það kl. 08.00 mánudaginn 22. júní hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma.

Samkomulag hefur náðst á milli samningsaðila um öll meginatriði, að undanskildum ágreiningi um hækkun grunnlauna ??? Því hefur ríkissáttasemjari lagt fram miðlunartillögu til lausnar deilunni sem byggir á fyrirbyggjandi samkomulagsdrögum auk þess sem útafstandandi ágreiningsefni verður vísað í gerðardóm.

Félagsmenn í Fíh annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar greiða atkvæði um miðlunartillöguna.

Miðlunartillagan verður send til félagsmanna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra á rafrænu formi og atkvæði verða greidd rafrænt.

Atkvæðagreiðslan hefst svo skjótt sem verða má og henni lýkur ??? daginn???. Ríkissáttasemjari verður viðstaddur þegar niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er kunngjörð ásamt einum fulltrúa frá hvorum aðila.

Miðlunartillagan verður ekki birt öðrum en þeim sem hlut eiga að máli fyrr en atkvæði hafa verið greidd um hana, sbr. 1. mgr. 29. gr. l. 80/1938 og er innihald hennar háð trúnaði þar til niðurstaða liggur fyrir.

Aðalsteinn Leifsson
Ríkissáttasemjari

Sent til fjölmiðla 21. Júní 2020, kl.



RÍKISSÁTTASEMJARI
